



# Lögmaðurinn í Reykjavík. Laufey Valdimarsdóttir stefnir Bjarna Benediktssyni 1938

---

Bjarni Benediktsson – Lögmaðurinn í Reykjavík. Laufey Valdimarsdóttir stefnir Bjarna Benediktssyni  
1938 – Lygari – Meiðandi – Móðgandi – Árni Tryggvason – Ólafur Sveinbjörnsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-5, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lögmaðurinn í Reykjavík

GJÖRIR KUNNUGT: Frá frk. Laufeyju Valdimarsdóttur, Reykjavík  
hefur mér í dag borist svohljóðandi greinargerð:

"Á fundi framfærslunefndar Reykjavíkur þann 17. þ.m.  
"viðhafði hr. prófessor Bjarni Benediktsson þau  
"unnæli um mig, að ég væri "lygari". Tel ég þessi  
"unnæli mjög meiðandi og móðgandi fyrir mig og verð  
"ég því að snúa mér til yðar með beiðni um að þér  
"gefið út stefnu til bæjarþings Reykjavíkur á hendur  
"hr. prófessor Bjarna Benediktssyni. Ef sattu kemst  
"ekki á fyrir bæjarþinginu mun ég gera þar kröfur  
"að ~~xxxxxxx~~ framangreind unnæli verði dæmd  
"dauð og ómerk og stefndur dæmdur í sekt fyrir þau.  
"Ennfremur mun ég krefjast þess, að stefndur verði  
"dæmdur til að greiða mér málskostnað að skaðlausu  
"skv. mati réttarins.

Sankvæmt framanritaðri greinargerð stefnist hér með hr. prófessor  
Bjarna Benediktssyni, Laugaveg 66 hér í bæ til þess, að mæta fyrir  
fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið verður í hegningarhúsinu  
fimmtudaginn 3. mars n.k. kl 10 árdegis til þess þar og þá að sjá  
skjöl og skilríki í rétt lögð, á sókn sakar og réttarkröfur að  
hlýða til sakar að svara og dóm að þola í framangreinda átt. ngr

Stefnufrestur ákveðst tveir sólarhringar.

Til staðfestu nafn mitt og embættisstimpill.

Lögmaðurinn í Reykjavík 28. febr. 1938.

Árni Tryggvason  
fr.

Gjald kr. 2.80  
-tvar krónur og 80/100-  
Greitt.

Á. T.

S Á T T A K A R A.

- - - - -

Á fundi fræfarslunefndar Reykjavíkur í dag viðhafði einn nefndarmanna, hr. prófessor Bjarni Benediktsson þau ummæli um mig undirritaða, að ég væri "lygari". Þessi ummæli tel ég mjög meiðandi og móðgandi fyrir mig og verð ég því, að snúa mér til hinnar heiðruðu sáttanefndar með beiðni um, að hún kalli nefndan Bjarna Benediktsson fyrir sig á sáttafund ásamt mér, til þess að reyna að fá hann til þess að afturkalla fyrnefnd ummæli um mig, til þess að greiða sekt fyrir þau og til þess, að greiða allan kostnað af sáttatilraun þessari.

Verði sáttatilraun árangurslaus óskast málinu vísað til aðgerða dómstólanna.

Reykjavík, 17. febrúar 1938

Virðingarfyllst,

Laufey Valdimarsdóttir

(sign.)

Til sáttanefndar Reykjavíkur.

Út af framanritaðri kærni er kæranda ásamt kærnum, hr. prófessor Bjarna Benediktssyni, Laugaveg 66 hér í þess kvöld til þess, að mæta á fundi sáttanefndar Reykjavíkur, sem haldinn verður í hegningarhúsinu í Reykjavík þriðjudaginn 22. þ.m. kl. 9 1/4 f.h.

Stefnufrestur ákveðst tveir sólarhringar.

Í sáttanefnd Reykjavíkur 17. febr. 1938

Ólafur Sveinbjörnsson

(sign.)